

Hátíðarræða Berghildar Pálmadóttur á 17. júní 2025 í Dalabyggð

Góðir Dalamenn – kærur hátíðargestir!

Það er mér sannur heiður að halda þessa ræðu fyrir ykkur hér í dag í tilefni af þjóðhátíðardegi okkar.

Það er eitthvað sérstakt við 17. júní. Ekki bara vegna þess að það er þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga – heldur líka vegna þess að það er svo íslenskt hvernig við fögnum honum: með spariklæðnaði, veifandi fánum og sleikjandi brjóstsykur, helst utandyra, hvort sem það er sól eða rigning, eða hvorttveggja.

Í dag, hér í Dalabyggð, stöndum við saman og minnumst þess að fyrir 81 ári síðan varð Ísland loksins sjálfstætt lýðveldi. Sjálfstæðið okkar fengum við ekki með vopnum eða blóðsúthellingum – heldur með samstöðu og þrautseigju, það er ekki sjálfgefið. Og allar götur síðan hefur lýðræði verið virkt á Íslandi. Lýðræði snýst um lifandi samtal, traust og samvinna. Það er grundvöllurinn sem samfélagið okkar byggist á – og það er það sem gerir okkur kleift að þróast, breytast og vaxa.

Við eigum það til að taka þessu öllu sem sjálfsögðum hlut – lýðræðinu okkar, friðinum, frelsinu. En í heimi þar sem mörg samfélög búa við óstöðugleika, stríð og kúgun eru það forréttindi – já, ég endurtek: forréttindi – að búa í friðsælu landi þar sem við getum sagt hug okkar, kosið okkur stjórn og verið við sjálf.

Og ef við lítum í kringum okkur í dag, þá sjáum við að Ísland – og þar með Dalabyggð – er ekki lengur einsleitt samfélag heldur fjölmenningsamfélag.

Við höfum orðið vitni að breytingum með aukinni flóru fólks af ýmsum uppruna og þjóðernum. Fólk sem hefur valið að setjast hér að, lifa lífinu, stofna fjölskyldu og leggja sitt af mörkum. Þessi fjölbreytileiki auðgar samfélagið okkar – með nýjum sjónarhornum, nýjum menningarstraumum, nýjum hugmyndum og nýrri visku.

Þetta þýðir ekki að eitthvað glatist – heldur að eitthvað bætist við.

Lýðræðið okkar er sterkara þegar fleiri taka þátt. Samfélagið okkar verður ríkara þegar fleiri eiga hér heima, bæði hvað varðar fjárhag og menningu.

Og það er okkar ábyrgð – sem Dalamenn, sem Íslendingar – að bjóða öll velkomin, búa til rými fyrir allar raddir og tryggja að öll finni að þau skipti máli.

En saga okkar sem samfélags, saga Dalabyggðar – hún nær langt aftur.

Hér í Dölunum hófst saga okkar fyrir meira en þúsund árum – þegar Auður djúpúðga steig á land við Breiðafjörð og ákvað að setjast að í þessum hluta landsins. Hún var kona með framtíðarsýn, kona sem leitaði frelsis fyrir sig og sína. Hún valdi ekki þetta svæði fyrir tilviljun – hún valdi það af visku og innsæi. Hér sá hún fyrir sér nýtt líf, nýtt upphaf – og hún sá að hér mætti byggja upp heimili.

Í Auði má finna margt sem við speglum okkur í enn þann dag í dag: sjálfstæði, styrk, skynsemi, og ekki síst – hugrekki til að taka frumkvæði.

Dalamenn eru stoltir af rótum sínum, og hér er auðvelt fyrir nýja íbúa að festa rætur. Ég segi stundum að öll séum við úr Dölunum, því hvert sem farið er má hitta fólk sem hefur djúp tengsl við Dalina. Hvort sem það er fætt hér og uppalið eða hefur dvalið hér um lengri eða skemmri tíma. Dalirnir virðast alltaf ná að festa sig í sessi í hjarta fólks.

Við hér í Dalabyggð, búum í samfélagi þar sem náttúran umlykur man á hverjum degi – með lækjarsprænum og fögrum hlíðum, með fuglasöng og öldugjálfri. Við eigum sumrin okkar – þessi stuttu (og stundum köldu) en björtu – þar sem næturnar verða aldrei alveg dimmar og kaffibollinn úti á palli fær gildi hátíðarkvöldverðar. Við erum líka einstaklega heppin hér í Dalabyggð að við búum, að mestu laus við náttúruvá, þó lognið geti stundum farið full hratt yfir, að minnsta kosti heima hjá mér.

En það er ekki bara náttúran sem er dýrmæt – heldur líka fólkið.

Hér vitum við hver við erum, og þekkjum hvert annað. Við rekumst á hvert annað í búðinni, í sundlauginni, í vinnunni. Við mætum hvert öðru með virðingu og hjálpsemi. Við lyftum hvert öðru upp, og það er það sem gerir okkur rík – tengslin, nálægðin og samheldnin.

Flest ættu að vera farin að þekkja orðið DalaAuður, og fyrir hvað það stendur, en að mínu mati fangar það svo mikið meira.

DalaAuður er manneskjan við hliðina á þér. Það er hlátur leikskólabarnanna og óvænt bros á förnum vegi. DalaAuður er eldri borgari sem miðlar reynslu og heimilislæknir sem öll þekkja. Það erum við öll, við erum auðlindin. Við erum verðmætin. Og ef við nærum þennan mannauð – þá mun Dalabyggð blómstra áfram.

Já, hér í Dölunum er gott að vera. Hér má anda djúpt, hlusta á fuglana og hugsa: „Ég er heppin." Heppin að búa á stað þar sem enginn þarf að flýja heimili sitt vegna stríðs, þar sem börn geta sofið örugg og þar sem við getum haldið hátíðardaga með bros á vör og frið í hjarta. Það eru sönn forréttindi!

Við skulum halda áfram að byggja samfélagið okkar upp – saman. Með stolti, með kærleik og með þeirri grósku sem einkennir okkur.

Til hamingju með daginn – og til hamingju Dalabyggð.